

## 3. gr.

Eigendur hunda og katta eru ábyrgir fyrir öllum kostnaði sem hlýst af brotum gegn samþykkt um hundahald og samþykkt um kattahald í Fellahreppi, þ.m.t. óheimilli lausagöngu, handsömun, vörslu og skilum dýranna eða aflífun.

Við afhendingu handsamaðs hunds eða kattar skal leyfishafi greiða kr. 4.000 og að auki kr. 1.000 fyrir hvern byrjaðan sólarhring sem dýr hefur verið í vörslu.

Ef til aflífunar hunds eða kattar kemur, skal eigandi dýrs að auki greiða útlagðan aflíf-unarkostnað.

## 4. gr.

Ofangreind galdskrá var samþykkt af sveitarstjórn Fellahrepps þann 28. maí 2003, á grundvelli 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og öðlast þegar gildi.

*Fellahreppi, 20. júní 2003.*

F.h. sveitarstjórnar Fellahrepps,

**Jens P. Jensen** sveitarstjóri.

## SAMÞYKKT

### um notkun og hreinsun rotþróa í Djúpavogshreppi.

## 1. gr.

Frárennsli frá húseignum í Djúpavogshreppi, sem ekki er unnt að tengja við holræsakerfi, skal leiða gegnum rotþró og frekari hreinsun (alla jafnan siturlögn) samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar.

Hönnun, stærð og staðsetning rotþróa er háð samþykki heilbrigðisnefndar Austurlands.

## 2. gr.

Hreinsun og tæming rotþróa skal framkvæmd undir yfirstjórn sveitarfélagsins í samráði við heilbrigðisnefnd Austurlands. Eingöngu aðilar með starfsleyfi til holræsahreinsunar skv. ákvæðum reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, mega annast framkvæmdina.

Rotþró skal tæmd ekki sjaldnar en annað hvert ár. Rotþróarseyru skal fargað á viðurkenndan hátt, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru.

Húseigandi skal sjá um að greiður aðgangur sé með hreinsitæki að rotþró.

## 3. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa skal húseigandi greiða árlegt gjald, rotþróargjald, og skal það standa undir kostnaði við verkið. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá sem sveitarstjórn setur í samræmi við ákvæði 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjaldið má ekki vera hærra en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Gjald þetta skal lagt á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framangreindrar þjónustu.

Rotþróargjald skal lagt á og innheimt með fasteignagjöldum, í fyrsta sinn árið 2004.

## 4. gr.

Með mál vegna brota gegn samþykkt þessari fer samkvæmt VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

## 5. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórnar Djúpavogshrepps um notkun og hreinsun rotþróa í Djúpavogshreppi staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum. Samþykktin tekur gildi við birtingu.

*Umhverfissráðuneytinu, 15. júní 2003.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum, nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, er taki gildi við birtingu.

Gjaldskrá Akraness og Borgarfjarðar, nr. 753, 17. október 2002, breytist þannig:  
Allir gjaldskrárliðir fyrir varmaorku hækka um 3,4%.

*Iðnaðarráðuneytinu, 23. júní 2003.*

**Kristján Skarphéðinsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Þorlákshafnar.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum, nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Þorlákshafnar, er taki gildi við birtingu.

Gjaldskrá Hitaveitu Þorlákshafnar, nr. 814, 18. nóvember 2002, breytist þannig:  
Allir gjaldskrárliðir fyrir varmaorku hækka um 3,4%.

*Iðnaðarráðuneytinu, 23. júní 2003.*

**Kristján Skarphéðinsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*